



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður.
bt. bæjarstjórnar
Stíllholti 16-18
300 Akranes

Akranesi, 10.12.2018
1809184 HS

Efni: Aðalskipulag Smiðjuvellir - breyting

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs, sem haldinn var þann 10. desember sl., var lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Akraness 2005-2017 vegna breytinga á Smiðjuvöllum. Breytingin felst m.a. í að landnotkunarreitir A9 og A10 eru sameinaðir reit A8 og skipulagsákvæðum breytt þannig að þar verði gert ráð fyrir blandaðri landnotkun. Svæði I6 fyrir aðveitustöð rafveitu er færð til austurs í samræmi við orðinn hlut. Svæði V9 er leiðrétt til samræmis við rétta afmörkun lóðar. Engin breyting er á skilmálum. Tillagan er unnin af Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf., dags. 6. desember 2018.

Skipulagslýsing var auglýst 17. október með fresti til að skila inn ábendingum til 8. nóvember 2018.

Haldið var opið hús/kynningafundur til kynningar á skipulagsbreytingunni fimmtudaginn 6. desember sl.

Bókun skipulags- og umhverfisráðs.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að tillagan verði auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga. Áður en tillagan verður auglýst skal hún send Skipulagsstofnun til yfirferðar sbr. 3. mgr. 30. gr. sömu laga.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Hafdís Sigurþórsdóttir
fulltrúi

Meðf.: Deiliskipulagsuppdráttur, fundargerð kynningarfundar
Afrit: Uppbygging ehf